Gunnar Bragi Sveinsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

31. ágúst 2016

Makrílveiðar 2016/2017 – Beiðni um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Þann 2. júní sl. var samþykkt á Alþingi þingskjal nr. 1480 um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Óbreytt varð þingskjalið að lögum nr. 1490. Í stað ártalanna 2014/2015 í ákvæði VIII til bráðabirgða kom ártalið 2016/2017. Ákvæðið orðast þannig í dag:

> *„Á fiskveiðiárunum 2010/2011 til 2016/2017 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar, 2.000 lestir af síld (íslenskri sumargotssíld), þar af allt að 800 lestir til smábáta, 2.000 lestir af makríl til smábáta og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld.*
>
> *Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Útgerð á þess kost að fá úthlutað fyrir hvert skip, gegn greiðslu gjalds, allt að 20 lestum af síld eða makríl í senn. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þess ákvæðis. Aflaheimildir sem úthlutað er samkvæmt þessu ákvæði er óheimilt að framselja.*
>
> *Verð á aflaheimildum skv. 1. mgr. skal vera 8 kr fyrir hvert kg af síld eða makríl. Gjaldið skal greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Með aflaheimildir þessar skal að öðru leyti fara eins og aflamark sem úthlutað er á grundvelli aflahlutdeildar.*
>
> *Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna til ríkissjóðs og skal þeim ráðstafað á þann veg að þær renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, með það að markmiði að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun í sjávarbyggðum.*

Við afgreiðslu þessara breytinga telur LS að þau mistök hafi orðið að láðst hafi að breyta gjaldi sem greiða á fyrir aflaheimildir í makríl.

Vegna verðfalls sem orðið hefur á mörkuðum þótti óhjákvæmilegt að lækka veiðigjald á makríl umtalsvert. Á fiskveiðiárinu sem nú er á síðasta degi er greitt 8,37 kr. fyrir

hvert veitt kíló, en á fiskveiðiárinu sem hefst á morgun 1. september nemur greiðsla 2,78 kr á hvert kíló.

Þess er hér með farið á leit við yður að upphæðin verði lækkuð nú þegar til samræmis við lækkun á veiðigjaldi.

Virðingarfyllst

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Afrit sent Atvinnuveganefnd Alþingis